

um breyting á lögum nr. 52 13. apríl 1973 um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Mál vegna brota á lögum nr. 77 16. júní 1970, um tilbúning og verslun með ópium o. fl., og reglugerðum settum samkvæmt þeim lögum, svo og mál vegna brota á lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum og öðrum stjórnvaldsreglum, settum samkvæmt þeim, og mál vegna brota á 173. gr. a. almennra hegningarlaga skulu rannsökuð, rekin og dæmd fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum.

2. gr.

1. málsg. 2. gr. laganna orðist svo:

Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum skal hafa aðsetur í Reykjavík.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Um málsmeðferð alla fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum skal fara eftir ákvæðum laga nr. 73 21. júní 1973, eftir því sem við á.

4. gr.

2. málsg. 5. gr. laganna orðist svo:

Nú kemur upp í almennu refsímáli eða ástæða þykir til að ætla, að sökunautur hafi einnig framið refsivert brot gegn lögum nr. 77/1970 og reglugerðum, settum samkvæmt þeim lögum, eða lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsreglum, settum samkvæmt þeim, eða gegn 173. gr. a. almennra hegningarlaga. Skal þá fá ákvörðun saksóknara ríkisins um, hvort rannsókn og meðferð brotanna skuli haldið áfram fyrir hinum almenna dómi eða sent til meðferðar sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum.

5. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Nú telur héraðsdómari ástæðu til að ætla, að framið hafi verið refsivert brot gegn lögum nr. 77/1970 og reglugerðum samkvæmt þeim eða lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsreglum, settum samkvæmt þeim, eða gegn 173. gr. a. almennra hegningarlaga. Skal hann þá þegar hefja frumrannsókn í málinu, en jafnframt tilkynna sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum um málið, og tekur hann við meðferð þess.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt fyrst og fremst í því skyni að gera það ótvírátt, að brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, svo og brot gegn 173. gr. a. almennra hegningarlaga, sem frv. hafa nú verið flutt um, falli einnig undir valdsvið dómara og rannsóknardeildar í ávana- og fíkniefnamálum, sbr. lög 52/1973, enda nái greind frv. samþykki Alþingis. Þar sem ýmis brot gegn lögum 77/1970 eru á rannsóknar- og dómstigi, þykir tilvísun til þeirra laga í 1., 5. og 6. gr. laga nr. 52/1973 eiga að halda sér, en bætt er við vísun til laga um ávana- og fíkniefni og reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna settra samkvæmt þeim og 173. gr. a. almennra hegningarlaga. Er mælt fyrir um greinda breytingu í 1., sbr. 4. og 5. gr. frv.

Í frv. er lagt til, að dómur sá, sem um mál fjallar samkvæmt lögum 52/1973 og samkvæmt ákvæðum frv. þessa, ef að lögum verður, beri heitið Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum. Er mælt fyrir heiti dómsins í 2. gr. frv.

Í 3. gr. frv. er vísað til laga nr. 73/1973 um meðferð opinberra mála, sem leyst hafa af hólmi lög nr. 82/1961 og lög nr. 29/1966, sem til er vísað í 4. gr. laga nr. 52/1973.

Að öðru leyti þarfnast frv. þetta ekki skýringar.